

UM MÁLÞROSKA

Lestur byggist á tungumálinu og því má segja að lestrarnám hefjist þegar barn fer að veita málhljóðum tungumálsins athygli, reyna að tjá sig og skilja það sem sagt er.

Í byrjun tjá börn hugsun með hljóðlíkingum, stökum orðum og/eða látbragði. Þegar vald á tungumálinu eykst tjá börn flóknari hugsun með vaxandi orðaforða og sífelld lengri setningum. Þannig verða flóknari reglur og einingar tungumálsins hluti af máltjáningu barnsins. Orðaforði er einn af grunnþáttum lesskilnings og mikilvæg undirstaða alls náms. Það hafa fjölmargar rannsóknir sýnt, s.s. doktorsrannsókn Sigríðar Ólafsdóttur (2015) og rannsókn Freyju Birgisdóttur (2016). Því meiri orðaforði, þeim mun betri lesskilningur.

Hljóðkerfis- og hljóðavitund gegna mikilvægu hlutverki hvað lestrarnám varðar. Það gera einnig undirstöðubættir lesskilnings s.s. orðaforði, málfræði, frásagnarhæfni og hlustunarskilningur. Sýnt hefur verið fram á að börn sem hafa styrka hljóðkerfisvitund eiga auðveldara með að læra að lesa. Einnig að hljóðkerfisvitund barna áður en skólaganga hefst segir fyrir um gengi þeirra í lestrarnámi og að þjálfun hljóðrænnar skynjunar geti auðveldað börnum að læra að lesa. Þetta hafa margar rannsóknir sýnt ásamt því að sýna fram á mikilvægi þess að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir til að efla undirstöðubætti bæði umskráningar og lesskilnings. Snemmtæk íhlutun er einnig einn af þeim mikilvægu þáttum sem rannsóknir hafa sýnt fram á að geti skipt sköpum hvað varðar lesskilning og velgengni barna í námi og starfi (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Málþroski á leikskólaaldri er stór áhrifavaldur í félags- og vitsmunabroska barna, hann er undirstaða lestrarnáms á fyrstu skólaárunum og leggur grunn að lesskilningi og námsárangri (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Af þessu má sjá hve nauðsynlegt það er að styðja vel við máltöku barna og leggja mikla áherslu á orðaforða og hljóðkerfisvitund strax frá upphafi.

Kennarar eru áhrifamiklar fyrirmyndir og því mikilvægt að þeir noti gott og ríkulegt tungumál. Skapi umhverfi þar sem tungumálið gegnir mikilvægu hlutverki í öllu daglegu starfi s.s. í samskiptum, tjáningu og hlustun. Kennarar þurfa að vekja athygli á nýjum orðum og ræða merkingu þeirra og skapa samræður þar sem málin eru ígrunduð og rædd. Vekja þarf athygli á táknerfi tungumálsins og skapa aðstæður þar sem reynir á þætti hljóðkerfisvitundar.

Mikilvægt er að kennarar séu vakandi fyrir vísbendingum um frávík og grípi inn í með viðeigandi íhlutun strax í upphafi. Markviss vinna og fjölbreytt og vönduð málörvun er nauðsynleg á því gróskumikla næmiskeiði sem börn á leikskólaaldri eru. Fræðimönnum ber saman um að það geti skipt sköpum fyrir áframhaldandi nám og þroska á öllum sviðum, hvernig til tekst á síðustu leikskólaárunum (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Heimildaskrá

Freyja Birgisdóttir (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérriit, 2016 – Um læsi*, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/04_16_laesi.pdf.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2015). Málþroski leikskólubarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

Sigríður Ólafsdóttir (2015). Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem hafa annað móðurmál en íslensku. Óbirt doktorsritgerð: Háskóli Ísland. Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/23061>.